

# Fundargerð 337. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2011, mánudaginn 28. mars kl. 08:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Guðný Sverrisdóttir, Ólafur Örn Ólafsson, Skúli Þórðarson, Steinþór Pétursson og Guðmundur Kristjánsson í forföllum Más Sveinbjörnssonar.

Að auki sátu fundinn undir töluliðum 6 og 7 Björn Arnaldsson, varamaður í stjórn hafnasambandsins, Sveinn R. Valgeirsson, fulltrúi í undirnefnd um hafnalögin, og Jón Norðfjörð, fulltrúi í nefnd um fjárhagsstöðu hafna.

Þá sat fundinn Magnús Karel Hannesson, starfsmaður HÍ, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Fundargerðir til staðfestingar - 1101001HA

Lagðar fram fundargerðir 335. fundar frá 4. febrúar 2011 og 336. fundar frá 10. mars 2011 til staðfestingar.

*Fundargerðirnar voru staðfestar og undirritaðar.*

### 2. Ársreikningar hafnasambandsins - 0603008HA

Lagður fram til staðfestingar ársreikningur hafnasambandsins fyrir árið 2010 áritaður af skoðunarmönnum hafnasambandsins.

*Stjórn HÍ staðfesti ársreikninginn með undirritun sinni.*

### 3. Ferð um Ölfus og Suðurnes - 1001001HA

Rætt um ferð stjórnar um Ölfus og Suðurnes 12.-13. maí nk. og undirbúning hennar

*Samþykkt var að hefja ferðina í Þorlákshöfn fimmtudaginn 12. maí og fara síðan um Suðurstrandarveg til Grindavíkurhafnar og þaðan í heimsókn til Reykjaneshafna. Stjórnarfundur síðdegis á Hótel Keflavík og gist þar. Á föstudeginum 13. maí verði farið í heimsóknir til Sandgerðishafnar, Vogahafnar og Hafnarfjarðarhafnar. Starfsmanni falið að setja upp dagskrá og hafa samband við forsvarsmenn viðkomandi hafna.*

### 4. Frumvörp um Farsýsluna, 385. mál, og Vegagerðina, 386. mál - 1103001HA

Lögð fram til staðfestingar umsögn um frumvarp um Farsýsluna, 385. mál, og frumvarp um Vegagerðina, 386. mál.

*Stjórn HÍ staðfestir umsögnina.*

**5. Frumvarp um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, 278.mál - 1103002HA**

Lögð fram til staðfestingar umsögn um frumvarp um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa, 278. mál

*Stjórn HÍ staðfesti umsögnina.*

**6. Endurskoðun hafnalaga - 1003004HA**

Vinnufundur um endurskoðun hafnalaga. Lagðar fram tillögur og hugmyndir Gísla Gíslasonar og Björns Arnaldssonar að 17. gr. um gjaldskrá hafna og tillögur og hugmyndir Gísla Gíslasonar, Magnúsar B. Jónssonar og Sveins R. Valgeirssonar að 24. gr. um ríkisstyrktar framkvæmdir. Einnig fjallað um 18. gr. þar sem kveðið er á um breytingar á rekstrarformi hafnar hafi hún haft neikvæðan rekstrarafgang þrjú ár í röð.

Fundarmenn ræddu málið vítt og breitt og skiptust á skoðunum. Fulltrúar hafnasambandsins í endurskoðunarnefnd hafnalaga, Gísli Gíslason og Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir, eiga síðar í dag fund með öðrum fulltrúum í endurskoðunarnefndinni og munu þau gera á þeim fundi grein fyrir umræðunum.

**7. Fjármál og rekstur hafna - 0605013HA**

Vinnufundur um fjármál og rekstur hafna. Málið var rætt samhliða næsta tölulið hér á undan.

*Samþykkt var að óska eftir því að hag- og upplýsingasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga safni upplýsingum um fjármál hafna í árslok 2010 og geri greiningu á tekjum þeirra og stöðu um sl. áramót.*

Fundi var slitið kl. 11:30.

---

Gísli Gíslason

---

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Ólafur Örn Ólafsson

---

Skúli Þórðarson

---

Steinþór Pétursson

---

Guðmundur Kristjánsson

---

ritari